

Samantekt

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Magnús Ingi Jónsson, Nancy Rut Helgadóttir og Karl Steinar Óskarsson fóru í reglubundið eftirlit hjá Hábrún þann 26. ágúst 2025.

Sígt var með áhöfn út á eldissvæði Hábrúnar í Skutulsfirði og fylgdust eftirlitsmenn þar með daglegum störfum eldismanna á eldissvæðinu. Meðal daglegra starfa eldismanna var að handhafa sveimara og fóðurgjöf.

Matvælastofnun óskar eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna þeirra frávika sem koma fram í skýrslunni.

Alvarleg frávik	Úrbótafrestur
Sjókvíaeldi - Sjóneftirlit - Viðbragðsáætlanir	Næsta skoðun

Frávik	Úrbótafrestur
Sjókvíaeldi - Sjóneftirlit - Viðbragðsáætlun vegna stroks	Næsta skoðun

Viðstödd heimsókn Hábrún ehf.
Kennitala viðtakenda 450314-0640
Skoðunarmaður Magnús Ingi Jónsson - Sérfræðingur
Tölvupóstur mast@mast.is

Undirbúningur 2 klst.
Frágangur 2 klst. og 30 mín.
Tímar við úttekt 5 klst.
Akstur 2 klst. og 30 mín.

Alvarlegt frávik

Sjókvíaeldi - Sjóneftirlit Viðbragðsáætlanir

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar óskuðu eftir því að fá að sjá viðbragðsáætlanir um massadauða, fárviðri og ísingu á búnaði og afræningja um borð í þjónustubátnum þegar eftirlit fór fram.

Viðbragðsáætlanir um massadauða og fárviðri voru ekki aðgengilegar um borð.

Viðbragðsáætlun vegna ísingar er of almenn og ekki nægjanlega sértæk fyrir eldissvæðið. Uppfæra þarf viðbragðsáætlanir m.t.t. þess sem kemur fram í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Koma þarf fram í viðbragðsáætlun hver ber ábyrgð á verkefninu, hver verkaskiptingin er og hvar búnaður er geymdur.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Frávik

Sjókvíaeldi - Sjóneftirlit Viðbragðsáætlun vegna stroks

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar óskuðu eftir því að fá að sjá viðbragðsáætlun um strok um borð í þjónustubátnum þegar eftirlit fór fram. Viðbragðsáætlun vegna stroks er of almenn og ekki nægjanlega sértæk fyrir eldissvæðið, t.d. kemur ekki fram hvar búnaður til að endurheimta fisk er staðsettur eða hvernig leggja eigi netin vakni grunur um strok. Ekki þarf að vera rökstuddur grunur um strok heldur er nóg að það sé grunur. Lagfæra þarf markmið viðbragðsáætlunarinnar og uppfæra netfang MAST í fiskeldi@mast.is.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Niðurlag

Þann 26/08/2025 fór fram reglubundin skoðun og var skýrsla send viðtakanda 27/08/2025. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 2 skoðunaratriðum, þar af 1 alvarlegt frávík og 1 frávík. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Sjónkvíaelði - Sjóneftirlit: 11 af 11 skoðunaratriðum voru yfirfarin. Þar af var 1 frávík og 1 alvarlegt frávík.

Nánari útlistun á skoðunaratriðum má finna í [eftirlitshandbókum](#) Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirliggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Island.is.

[Lagagrunnur eftirlits](#)